



Hofsveitir

Ragnheiður Jónsdóttir Þeam

YFIRLITSSÝNING

KJARVALSSTADIR • REYKJAVÍK • 20. MARS - 4. APRÍL 1982

ÆVIÁGRIP:

Listmálarí/Artist:

Ragnheiður Jónsdóttir Ream
f./b. 10. sept. 1917
d./d. 22. des. 1977

Listmenntun/Art Education:

The American University
Washington, D.C., U.S.A. 1954-1959
Námsferð/Stud. Travel:
Italia/Italy 1958

Einkasýningar/One-man Shows:

Washington, D.C. 1962, 1964, 1968, 1970
Alexandria, Virginia 1966
Baltimore Museum of Art, Baltimore,
Maryland 1964/65
Reykjavík: Bogasalur 1967, 1971
Norraena Húsið 1974
Sumarsýning í Norraena Húsinu/Summer
Exhibition at Norraena Húsið
(3-man show) 1976

Samsýningar/Group Shows:

Society of Washington Artist 1957, 1958,
1959, 1961, 1964, 1968
Corcoran Gallery of Art, Washington, D.C.
1962, 1964
Maryland Artists' Exhibition, Baltimore
Museum 1964, 1965, 1966
Hallveigarstaðir 1967
Maryland Artists' Invitational Exhibition,
Baltimore Museum 1968
Sumarsýning myndlistarhússins á
Miklatún 1973
Haustsýningar FÍM, Reykjavík 1973, 1974,
1975, 1976, 1977
Myndhögvarafélag 1974, 1975
„18 Islandske Kunstnere“ 1975
Bergen, Norway; Kiruna, Sweden;
Luleå, Sweden
Myndlistarsýning gagnrýnenda Val 1976
„Fimm íslenskir listamenn.“
1977 Lindköping, Sweden

Verk á söfnum/Work In Museums:

Ísland/Iceland: Listasafn Íslands/
National Gallery of Iceland
Listasafn alþýðu,
Listasafn Kópavogs,
Listasafn Árnessýslu,
Listasafn Reykjavíkurborgar.
Noregur/Norway:
Bergen Billedgalleri
Watkins Gallery, Washington D.C.

Viburkenningar/Recognition:

Montgomery County Art Association 2nd
Award in Oils 1960
Museum Prize, Maryland Artists' Exhibition,
Baltimore Museum of Art 1964
Franz Bader Award, Annual Exhibition of
the Society of Washington Artists 1964
Honorary Show, Baltimore Museum of Art
1964/65

Heistu heimildir/Major References:

„Another New Gallery Opens Here“ L.J.
Ahlander, Washington Post, 31 July 1960
„Tómstundastarflið orðið alvara.“
Morgunblaðið, 29 júlí 1962
„Íslensk listakona sýnir í Washington.“
Morgunblaðið, 30. okt. 1962
„Prjár sýningar.“ Hjörleifur Sigurðsson,
Visir, 9. maí 1967
„Ragnheiður Jónsdóttir Ream
i Bogasalnum.“ Valtýr Pétursson,
Morgunblaðið, 12 maí 1967
„Þúsund manns vinna við myndlist í
Washington.“ „Viðtal við Ragnheiður Jóns-
dóttur Ream listmálaðara.“ Gisli Sigurðsson,
Lesbók Morgunblaðsins, 11 júní 1967
„Sýning Ragnheiðar J. Ream.“ Bragi
Asgeirsson, Morgunblaðið, 21 maí 1974
„Epli, kvíslar og hringir.“ Áðalsteinn
Ingólfsson, Dagblaðið, 28 júlí 1976

1962:

Myndir minar eru ekki fyllilega abstrakt. Þær eru ævinlega
byggðar á náttúrunni. Íslenskt landslag æsku minnar, ómæl-
isviðáttu og tær norðanbirta þessi er hvati myndanna. Ég
reyni alltaf að ná þessari vidd í verk min.

“My paintings are not truly abstract since they are always
based directly on nature. The inspiration of my work is the
scenery of my early youth, the vast expansive landscape of
Iceland with its great open spaces and clear northern light.
Always I strive for this “Open Feeling” in my canvases.”

1964:

„Ég hataði teikningu í skóla.“
“I hated drawing in school.”



1967:

„Góður málari hefur formúlurnar í handraðanum, en lætur þer aldrei ráða yfir sér. Að minnsta kosti ekki eftir að hann hefur fundið sjálfan sig.“

“A good painter keeps his formulas in a drawer and never lets them get the upper hand – at least not until after he has found himself.”

1974:

„Mér finnst mjög óþægilegt að mála úti, þ.e. stórar myndir, ég fer oft út að telkna og tek skissur og vinn svo kannski einhverja mynd úr mórgum skissum eða kannski frekar eftir því sem ég man eftir skissunum.“

„Sjávarmyndirnar, þær hafa nú eiginlega bæst við síðan ég fluttist til Íslands, vegna þess að ég hef mikil yndi af því að fara í gönguferðir niður að sjó og fer þá oft útá Ægissíðu, og breytist aldrei að að horfa á sjóinn, hann litur aldrei eins út.“

“I find it very inconvenient to paint outdoors, at least large canvases. I often draw outdoors or make sketches. And so, perhaps, I make a single painting out of many sketches or, rather, out of my remembrance extracted from many sketches.”

“The seascapes are really an addition since I returned to Iceland, because I love to walk down to the sea, and I often go along Ægissíða. I never get tired of looking at the sea – the view is always changing.”

Starfstími Ragnheiðar Jónsdóttur Ream var ekki ýkja langur að árum. Hún var orðin fulltiða kona þegar hún hóf nám við American University í Washington árið 1954. Við þá lærðómsstofnun aflaði hún sér kunnáttu um aðferðir myndlistarinnar og var fljótari en margir aðrir að finna sinn afmarkaða heim, sem blasir við okkur nú í dag innan fjögurra hliða myndarinnar og er hvorttveggja í senn: rökfastur og hlýr. Ég byggi framangreinda skoðun á þeirri staðreynd, að á námsárum sínum í Washington var Ragnheiður þegar tekin að sýna verk á samsýningum myndlistarmanna þar, í fyrsta skipti 1957. En það leiðir huga aftur á móti að vitneskju, sem okkur er gjarnt að sniðganga: að við leggjum tæplega grundvöllinn að starfsgrein okkar eða lærðómi með skólagöngunni einni saman. Fjölmargt annað hlýtur að koma til. Ég nefni í svip almenna mannlega lífsreynslu og sértæka, til að mynda í annarri listgrein. Dæmið verður ljósliðandi í lífi Ragnheiðar. Hún staðfesti fullkomlega í samtali við undirritaðan söguna, sem gekk hér heima um upphaf samskipta hennar við málaralistina - á meðan hún sjálf bjó enn í Bandaríkjum. Sagan er þannig í stuttu máli, að Ragnheiður lauk námi sínu í pianóleik í Reykjavík og hugði á framhaldsmenntun. Af þeim sökum m.a. kom hún til Washington og fékk inni í fjölbýlishúsi þar í borginni ásamt Donald manni sínum. En nágranni hennar þar var aldeilis ekki á því að hlusta á pianóæfingar eða kannski brot úr meistaraverkum tónbókmenntanna. Nú voru góð ráð dýr. Hvað átti Ragnheiður að taka til bragðs þegar henni var meinað að spila á hljóðfærið sitt? Að lokum hugkvæmdist henni að leita á náðir annarrar listgreinar, sem iðka mátti í einrúmi án þess að gefa frá sér nokkurt hljóð. Rétt er að nefna, að þetta gerðist nokkrum árum fyrr en Ragnheiður hóf nám við Washington háskóla.

Þessi saga er svo forvitnileg, að hún á það skilið að komast á blað. Þó skulum við varlega ætla, að hér hafi tilviljunin ein valdið sköpum. Tónlistin er að visu áberandi strengur í ætt Ragnheiðar en myndlist hefur einnig komið þar við sögu án þess að ég reyni að útlista það nánar í stuttri formálsgrein.

Bandaríkjadvölin mótaði Ragnheiði sem listamann og reyndar var það lán hennar, að hún skyldi hafna í landi, sem er sneisafullt af gamalli list á dýrum söfnum og nýrri í sifeldri sköpun í bland við hið fjölskrúðugasta mannlif. En hún sat þá ekki auðum höndum. Ég fæ

4

Myndskrá:

- 1 Uppstilling 1954 40x30 cm
Eig. Ingibjörg Gunnarsdóttir
- 2 Uppstilling 1955 71x46 cm
Eig. Jóhanna Gunnarsdóttir
- 3 Uppstilling 1955 61x46 cm
Eig. Ragnheiður og Bragi Hannesson
- 4 Kanna og blóm 1955 70x45 cm
Einkaeign

5 Stúlka 1957 81x56 cm
Einkaeign

6 Hvítgreni 1957 91x81 cm
Eig. Donald F. Ream

7 S.B. 1957 61x46 cm
Einkaeign

8 Hálendi 1964 40x50 cm
Eig. Guðrún og Jónas Haralz

9 Skógareldur 1962 107x91 cm
Einkaeign



Klettur 9

ekki betur séð af þeim gögnum, sem ég hef á borði mínu þessa stundina en hún hafi einatt verið að taka þátt í sýningum eða halda sínar eigin á ýmsum stöðum vestan hafssins síðustu ár fimmtra áratugarins og allan þann sjötta. Hún og félagar hennar bandarískir settu á stofn gallerí í Washington og ráku það af myndarskap í

5

- | | | | |
|-------------------------------|----------------|------------------------------------|---------------------|
| 10 Eldfjallaland | 66x84 | 15 Hvammur | 1964 46x42 cm |
| Eig. Inga og Gunnar G. Kvaran | | Eig. Ragnheiður og Bragi Hannesson | |
| 11 Örfok | 1965 60x50 cm | 16 Sólsetur | 1962 101x107 cm |
| Eig. Sigriður Bachmann | | Einkaeign | |
| 12 Eldfjöll | 1964 94x102 cm | 17 Hólavellir | ca. 1965 108x123 cm |
| Einkaeign | | Einkaeign | |
| 13 Láglendi | 1964 91x94 cm | 18 Skuggahlið | 56x66 cm |
| Einkaeign | | Eig. Elisabet Gunnarsdóttir | |
| 14 Innlönd | 1964 94x102 cm | 19 Klettar 8 | ca. 1965 94x114 cm |
| Einkaeign | | Einkaeign | |

nokkur ár. Gallerið var opíð gestum alla daga vikunnar og hafði á boðstórum verk listamannanna sjálfra auk annarra sýninga, er til félru.

Það lætur að likum, að slik athafnasemni er vart hugsanleg, ef menn vinna ekki af markvissri iðjusemi og ná árangri, sem bragð er að. Heima á Fróni fréttu menn af landvinnungum Ragnheiðar í Bandaríkjunum og skildu allar jákvæðar umsagnirnar um verk hennar um leið og hún svipti af þeim hulunni í ættlandi sínu. Þegar þau Donald fluttu til Íslands til að setjast þar að árið 1969 - og raunar í við fyrr - tók hún að sýna myndir sínar í Reykjavík og gerði síðan með haefilegu millibili eins lengi og kraftarnir leyfðu. Frá árinu 1973 tók hún þátt í öllum haustsýningum FÍM og öðrum félagslegum sýningum bæði heima og erlendis og jafnan birtist hún þá sem sérstæður listamaður í hópi málaranna. En áður en ég vík að list Ragnheiðar langar mig til að nefna félagsmálastörf hennar.

Það var myndlistarmönnum fengur þegar Ragnheiður kom í sýningardefn, sem löngum hefur haft það verkefni að setja saman félagssýningar og annast um framkvæmd þeirra bæði hér og í öðrum löndum. Þetta er vægast sagt bæði breytandi og vanþakklátt starf, er gefur lítið í aðra hönd. Ragnheiður reyndist glögg á verk annarra, starfsöm og stjórnsöm og kunni vel til hagnýtra hluta. Hún gerðist einnig skjótt prýðilegur fulltrúi okkar út á við. Um hrið sat hún í listráði Kjarvalsstaða og sinnti þar viðkvæmum málefnum af festu og lagni.

Hvað kemur í huga þegar við skoðum verk Ragnheiðar og reynum að lýta á þau sem órofna heild? Fyrir mína parta staðnæmist ég fyrst við landslagið og áhrif þess. Það er að mínum dómi grundvöllur allra hinna rifja verksins. En i aðeins örfáum tilvikum minnir það á sýnir fyrri málara á Íslandi. Til að mynda: fjöllin, eru ósköp veigalítill þáttur í samhenginu. Og öræfavíddir hef ég hvergi komið auga á. Aftur á móti setur málarinn vegg gjárinnar hið næsta sér og svipað má segja um grasi vaxnar skákir, klappir og kletta, sem enda í fjörunni eða brimgarðinum. Allt er þetta merkilega huglægt og gæti lítið út eins og hreinræktað abstrakvirki, ef höfundur benti ekki á hið gagnstæða með himinræmunni, sem sker grunnflötinn af ótvíræðu miskunnarleysi. Til þess svo að kóróna afstöðu sína leggur Ragnheiður jafnan áherslu á titring landsins - ekki veðurlag eða

- 20 Klettar 9 ca. 1965 107x97 cm
Eig. Listasafn Íslands
- 21 Rauðir klettar ca. 1965 80x90 cm
Einkaeign
- 22 Gjá ca. 1965 55x76 cm
Eig. Hans Indriðason
- 23 Hagi 107x117 cm
Eig. Listasafn Íslands
- 24 Rautt landslag 1967 107x127 cm
Eig. Donald F. Ream

- 25 Undirlendi ca. 1967 108x123 cm
Einkaeign
- 26 Sjávarmál 1974 70x95 cm
Eig. Auður og Sveinn Eyjólfsson
- 27 Shenandoah ca. 1967 107x122 cm
Eig. Búnaðarbanki Íslands
- 28 Himinn, haf og strönd ca. 1967 55x71 cm
Eig. Björn R. Einarsson
- 29 Úti á nesi ca. 1969 65x80 cm
Eig. Elisabet Gunnarsdóttir

birtu dagstíma – heldur miklu fremur þá tilfinningu, sem við sitjum uppi með þegar við horfum yfir eitthvert náttúrusviðið og finnst ekkert sjálfsagðara en að það sé partur af vitund mannsins og amstri. En flestar góðar reglur eiga sér undantekningar í stílgerð málara. Samstillingarnar eru gott dæmi um það. Í þeim er fátt eða hreint ekki neitt, sem minnir á huglægan kjarna landslagsmyndanna. Einna lengst gekk Ragnheiður á þessari braut með ávaxta-syrpuni, er hún sýndi að mestu í heild sinni á sumarsýningu Norræna hússins 1976. til Til viðbótar má nefna nokkrar klárar samstill- ingar í gluggakistunni.

Ég get ekki lokið þessum orðum án þess að minnast á hinn höfuð-strenginn í verkum Ragnheiðar. Fyrir hálfum öðrum áratug eða tveim hefði líklega verið óþarf að nefna hann á nafn. Svo sjálfsögð þótti þá tilvist hans í myndinni, fráleit fjarvera hans. Þetta er liturinn sem undirstöðuhljómur. Ragnheiður Jónsdóttir Ream á það sam-eiginlegt með expressjónistum og konkretmálurum þessara tíma, að ekkert verk er henni fullkomnað nema litaspættirnir hafi einstakt ráðrúm til að kallast á í sibreytilegum styrkleik sínum og tindrandi gildi.

Hjörleifur Sigurðsson

-
- | | |
|--|--|
| 30 Sumarbústaður 1974 95x105 cm
Eig. Auður og Sveinn Eyjólfsson | 35 Hofsvellir ca. 1974 80x100 cm
Einkaeign |
| 31 Kaffibolli á hvítum dúk 1970 61x46 cm
Einkaeign | 36 Sumarbústaður 1974-75 120x107 cm
Einkaeign |
| 32 Kvöldkaffi 1970 55x82 cm
Einkaeign | 37 Sumar 1975 70x60 cm
Eig. Jón Björnsson |
| 33 Stóll og gluggi ca. 1969 122x107 cm
Eig. Donald F. Ream | 38 Kaffibolli á gólfingu 1970-75 95x120 cm
Einkaeign |
| 34 Kaffibolli 1974 66x61 cm
Eig. Einar Þorláksson | 39 Hús á Álfanesi 1974 121x107 cm
Eig. Donald F. Ream |

Ragnheidur Jónsdóttir Ream did not enjoy many years of activity as a painter. She was a mature woman in 1954 when she started studying at The American University in Washington, D.C. There she studied painting and was quicker than many others to find her special world which today confronts us within the four sides of a painting, a world both logical and intimate. I base this opinion on the fact that during her student years in Washington (1957), Ragnheidur had already started showing her paintings at local group exhibitions. This brings to mind a point frequently ignored: that we hardly lay the foundations for our careers or learning through school attendance alone. There must also be numerous other contributing factors. I would mention human experience generally - especially as manifested in another art form.

Ragnheidur's art is a shining example of the above. She confirmed in a conversation the story that circulated here at home about the beginnings of her association with painting when she herself was still living in the United States. Briefly, the story was that Ragnheidur, her schooling in piano in Reykjavík completed, wanted to seek further education. This was among the reasons why she came to Washington where she and her husband Donald established lodgings in an apartment house. A neighbour took exception to her piano exercises and excerpts from musical masterpieces, and this led to a dilemma. What was Ragnheidur to do, being, as she was, prevented from playing? Finally it occurred to her to appeal to another art form that could be pursued quietly. It should be noted that this took place some years before Ragnheidur started her university education in Washington.

This story is interesting enough in itself; however, it is doubtful to assume that chance alone was the ruling factor in this case. Although music is a well-known characteristic in Ragnheidur's family, the family has also been acquainted with painting, but I shall not elaborate on that.

The stay in the United States formed Ragnheidur as an artist, and it was her good fortune to find herself in a country replete with old art in wealthy museums and new art in constant creation, intermingled with richly varied human life. She was by no means idle

- | | |
|---|---|
| 40 Landslag 1970 85x110 cm
Eig. Niels Indriðason | 45 Eldgos 65x75 cm
Eig. Álfheiður Einarsdóttir og Richard Hördal |
| 41 Fjall 1974-75 85x115 cm
Eig. Åsa Jónsdóttir | 46 Ölfus 1976 105x120 cm
Eig. Ingileif B. Hallgrímsdóttir |
| 42 Sólvellir 1974 94x94 cm
Eig. Ágústa Snæland | 47 Vetur 1974 55x65 cm
Eig. Listasafn Íslands |
| 43 Brim 1964 81x107 cm
Einkaeign | 48 Landslag 1974-75 85x95 cm
Einkaeign |
| 44 Vatnsborð ca. 1975 60x75 cm
Eig. Donald F. Ream | 49 Klettar 60x75 cm
Eig. Sigriður og Stefán Hilmarsson |



9

Kaffibolli á hvítum dök

50 Fjallið eina 1975 80x100 cm
Sigriður og Stefán Hilmarsson

51 Uppstilling 1974 55x60 cm
Eig. Kjartan Pálsson

52 Sjö epli 1975 30x40 cm
Einkaeign

53 Blátt, grænt og rauft 50x65 cm
Eig. Listasafn Íslands

54 Tólf epli 1975 40x30 cm
Eig. Björn R. Einarsson

55 Tíu epli 1974 35x45 cm
Eig. Bryndis Þorsteinsdóttir

56 Rauft og grænt 1976 30x35 cm
Eig. Ingileif B. Hallgrímsdóttir

57 Sjö epli 1974 35x50 cm
Einkaeign

58 Ægissíða 1977 90x110 cm
Eig. Ingileif B. Hallgrímsdóttir

59 Vetur 1976 60x80 cm
Eig. Donald F. Ream

during those years. As far as I can gather from the documents available to me, she was continually participating in exhibitions in various places in the United States in the late 1940's and during the entire 1950's. She and some of her American colleagues established a gallery in Washington and operated it effectively for some years. The gallery was open to the public seven days a week, offering works by the artists themselves in addition to occasional exhibitions by others.

It stands to reason that such enterprise is scarcely conceivable if you do not work with single-minded diligence to gain significant results. Back in the old country, people heard about Ragnheidur's conquests in the United States and understood all the favorable critical reviews of her works when she unveiled them in her native country. When she and Donald emigrated to Iceland in 1970 – and in fact somewhat earlier – she began showing her paintings in Reykjavik, which she continued for as long as her health permitted. From the year 1973 she participated in all FÍM (Association of Icelandic Artists) Autumn Shows and other group exhibitions both at home and abroad, always appearing as a unique artist among the other painters. But before turning to Ragnheidur's art, I would like to mention her work in related affairs.

It was fortunate for the artists of FÍM when Ragnheidur joined the Exhibition Committee of FÍM whose task it has long been to organize and manage exhibitions both here and in other countries. This is, to put it mildly, both a tiring and a thankless job, yielding few rewards. Ragnheidur proved to be a shrewd judge of the works of others. She was industrious, strong minded, and well versed in practical matters. Soon she became an excellent representative for us, and for some time was on the Fine Arts Council of Kjarvalssstadir, where she dealt with delicate issues firmly and adroitly.

What comes to mind when we look at Ragnheidur's works and try to consider them as an entirety? I, for one, pause first at her landscapes and their effects. In my judgment it is the basis of all the other aspect of her work. Only in a very few cases am I reminded of the vision earlier painters had of Iceland. For example, the mountains are a very insignificant part of the composition. And nowhere have I noticed wilderness panoramas. On the other hand, the artist

- | | |
|--|---|
| 60 Skarir 1976 70x95 cm
Eig. Donald F. Ream | 65 Akrar 94x107 cm
Eig. Reykjavíkurborg |
| 61 Snjór 1976 80x90 cm
Eig. Donald F. Ream | 66 Landslag 1 1976 85x95 cm
Eig. Þórir Jónsson |
| 62 Klettar 1975-76 105x240 cm
Eig. Donald F. Ream | 67 Nes 1977 90x100 cm
Eig. Helgi Pétursson |
| 63 Landslag 1977 95x80 cm
Eig. Listasafn Íslands | 68 Ljósvellir 1975 95x105 cm
Eig. Íslandsbanki Íslands |
| 64 Fjara 1975 55x80 cm
Eig. Þórir Jónsson | 69 Sumar 1976 35x55 cm
Eig. Þórir Jónsson |

positions the wall of the chasm up close, and the same can be said of grassy patches, cliffs and rocks ending at the shoreline or at the breakers. All this is remarkably subjective and might look like a purely abstract structure if the artist did not indicate the opposite by the sliver of sky slashing the plane with unequivocal ruthlessness. In order to ultimately affirm her attitude, Ragnheidur as a rule emphasises the vibrancy of the land – not the weather or the light of the time of day. Rather than that the sensation we are left with is one of looking at some scenery in nature and feeling it as an integral part of human consciousness and toil. But, most good rules in an artist's style have their exceptions. The still-lifes are a good example of this. They contain few or absolutely none of the elements reminiscent of the subjective nucleus of the landscapes. Ragnheidur went quite far in this vein with the fruit series which she showed almost in its entirety at the Nordic House summer exhibition of 1976. In addition, one can mention some very puristic still-lifes on a window sill.

I must also mention the other main feature of Ragnheidur's works. It probably would have required no mention one and a half or two decades ago. Its presence in a painting was then considered so essential, its absence so absurd. This is colour as keynote. Ragnheidur Jónsdóttir Ream has it in common with the expressionist and non-abstract painters of that period to consider no painting perfected unless the surges of colour have been given exceptional scope to reverberate in their ever changing intensity and shimmering tonal values.

Hjörleifur Sigurðsson

- | | | | |
|--|--------------------|-----------------------------|-------------------|
| 70 Leysing | 75x60 cm | 75 Sjálfsmýnd | ca. 1965 36x30 cm |
| Eig. Kristin og Rafn Hafnfjörð | | Eig. Donald F. Ream | |
| 71 Landslag 2 | 1976 85x95 cm | 76 Klettar 2 | 1965 94x117 cm |
| Eig. Valgerður og Ingimundur Sigfusson | | Eig. Guðrún og Jónas Haralz | |
| 72 Fjara 3 | 60x80 cm | 77 Klettaveggur | 1973 82x97 cm |
| Eig. Dagblaðið & Visir | | Eig. Donald F. Ream | |
| 73 Fjara 4 | 65x85 cm | 78 Hamar | ca. 1965 66x56 cm |
| Eig. Birgir Einarson | | Eig. Listasafn Íslands | |
| 74 Fjara | ca. 1975 80x100 cm | 79 Gjáveggur | ca. 1973 69x56 cm |
| Eig. Donald F. Ream | | Einkaeign | |

Hin síðari ár hafa menn af og til dundað sér við að örvaænta um olíumálverkið, spáð því dauða, jafnvel hlakkað til útfararinnar. Ævinlega hafa þó risið upp nýjir ofurhugar til að blása lífsanda í þessa aldagömlu hefð. Við losnum vist ekki við olíumálverkið í bráð. Á meginlandi Evrópu er nú komið í tísku meðal framúrstefnumanna að mála á léreft.

EKKI ER YKJA langt síðan bölsýnir menn hér á landi fóru að óttast um afkomu landlagsmálverks í landinu. EKKI skorti málarana, en þeir voru ekki fyrr komnir út í guðsgræna náttúruna en þeir settu upp gleraugun þeirra Kjarvals og Ásgríms: þeirra voru mótið, litirnir og dýrðin.

Því kom Ragnheiður Ream eins og ferskur andblær inn í íslenska myndlist, eftir áratuga búsetu á erlendri grundu með Donald manni sínum. Hún bar með sér ný viðhorf, nýja myndsýn. Litir hennar glóðu af sól og sumri og allt í einu uppgötvaði áhorfandinn að íslenskt landslag er ekki bara dökkgraent, grátt, brúnt og dökkblátt heldur ótrúlega fjölskrúðugt. Áhorfandinn varð einnig var við að landið hagaði sér öðruvísi í myndum Ragnheiðar en margra annarra listmálarar: það var ekki bara forgrunnur, miðbik og bakgrunnur heldur samansafn ólikra náttúrukrafta sem listakonan leysti úr læðingi og dreifði um allan myndflötinn af rausn sinni. Meðan aðrir listmálarar útbjuggu landslagsmyndir eins og gjafapakka þar sem finna mátti eitt stykki fjall, hraundrang eða rjóður, innbundin og tilbúin til (menningar) neyslu, var eins og myndefni Ragnheiðar væru í raun óháð myndrammanum, visuðu út á við. Áhorfandinn gat haft það á tilfinningunni að vísast væri eitthvað að gerast utan við rammann sem honum kæmi ekki alveg eins mikið við eins og það sem gerðist innan hans. Myndir Ragnheiðar af landslagi eru því ekki tómar lofgjörðir, þær vekja áhuga, eftirvæntingu, - og svo auðvitað þá nautn sem fylgir skoðun á „réttu“ lausninni í listaverki.

Er þetta virkilega svona auðvelt, spurði maður sjálfan sig. Svo mikið öryggi, svo mikla festu er að finna í strokum hennar á striganum. En auðvitað leiða formyndir í ljós að hvert verk átti sér langan aðdraganda. Sjálfri datt Ragnheiði aldrei í hug að slaka á, vanmeta málverkið, fara auðveldustu leiðina að takmarkinu. Þessi sjálfssagi kemur skýrt fram í einum síðustu myndum hennar, eplaseríunni miklu. Þar er gáfuð listakona að aga sig, rifja upp stafrófið: kúluna,

- | | |
|--|--|
| 80 Skissa 1 ca. 1962 67x81 cm
Einkaeign | 85 Þingvellir 4 ca. 1963 53x65 cm
Eig. Guðmundur Benediktsson |
| 81 Skissa 2 ca. 1963 67x81 cm
Einkaeign | 86 Þingvellir 5 ca. 1963 59x49 cm
Eig. Donald F. Ream |
| 82 Þingvellir 1 1963 59x49 cm
Eig. Donald F. Ream | 87 Þingvellir 6 ca. 1963 67x81 cm
Eig. Donald F. Ream |
| 83 Þingvellir 2 ca. 1963 67x81 cm
Eig. Donald F. Ream | 88 Þingvellir 7 1963 53x65 cm
Eig. Donald F. Ream |
| 84 Þingvellir 3 ca. 1963 65x53 cm
Eig. Donald F. Ream | 89 Þingvellir 8 ca. 1963 53x65 cm
Eig. Donald F. Ream |



Sjó epli

keiluna, fjarvidd, massa, jafnvægi, - af þeirri hógværð sem ætið einkenndi hana. Þó er í þessum litlu myndum svo mikil leikgleði að unun er á að horfa. Það er e.t.v. fyrir þá leikgleði sem við ættum fyrst og fremst að minnast Ragnheiðar Ream.

Aðalsteinn Ingólfsson

- | | | | |
|-------------------------|----------|---|------------------|
| 90 Módel 1
Einkaeign | 81x67 cm | 95 Klippimynd 1
Einkaeign | 1962-54x47 cm |
| 91 Módel 2
Einkaeign | 67x60 cm | 2 Klippimynd 2
Einkaeign | 1962-64 56x50 cm |
| 92 Módel 3
Einkaeign | 81x67 cm | 97 Klippimynd 3
Einkaeign | 1962-64 56x50 cm |
| 93 Módel 4
Einkaeign | 67x81 cm | 98 Klippimind 4
Eig. Listasafn Íslands | 1962-64 35x48 cm |
| 94 Módel 5
Einkaeign | 67x81 cm | 99 Klippimynd 5
Eig. Listasafn Íslands | 1962-64 49x64 cm |

In recent years people have occasionally worried about the art of painting, predicted its demise, and even looked forward to its funeral. However, new champions have always appeared on the scene to revive this age-old tradition. We shall hardly be rid of the oil painting in the near future. On the continent of Europe it is now fashionable among the avant garde to paint on canvas.

Not long ago pessimists in this country feared for the fate of landscape painting in Iceland. There was no shortage of painters, but no sooner had they set up their easels in the great outdoors than they donned the spectacles of Kjarval and Asgrímur: the motifs, the colour and the glory.

This is why Ragnheiður Jónsdóttir Ream came like a breath of fresh air into Icelandic painting. Having lived abroad for decades with her husband Donald, she brought with her a new point of view, a new pictorial vision. Her colours glowed with sun and summer, and suddenly the viewer discovered that the Icelandic landscape does not simply consist of dark greens, grays, browns and dark blues, but that it is incredibly luxuriant. The viewer also noticed that the scenery behaved differently in Ragnheiður's paintings than in those painted by many other Icelandic artists; it was not merely foreground, centre, and background, but a compound of different natural forces liberated by the artist and generously distributed throughout the canvas. While other landscape painters prepared their pictures like gift packages containing one piece of mountain, one lava formation or one clearing in the woods, all wrapped and ready for (cultural) consumption, it was as if Ragnheiður's motifs kept pushing at the picture frame, as if they were directed outward. The viewer had the feeling that something might be taking place outside the frame which was just as pertinent to him as what was happening within it. Ragnheiður's landscapes, therefore, are not mere celebrations, they arouse interest, anticipation and, of course, the pleasure associated with experiencing the "right" solution in a work of art.

Is it really as easy as that?, one asks oneself. Such is the sureness, the firmness in her brush strokes on the canvas. But of course the sketches reveal that each work had a long period of gestation. It never entered Ragnheiður's mind to relent, to underestimate the

- 100 Klippimynd 6 1962-64 49x35 cm
Eig. Listasafn Ísllands
- 101 Riss 1 1959 48x55 cm
Einkaeign
- 102 Riss 2 1959 47x55 cm
Einkaeign
- 103 Riss 3 1959 55x47 cm
Einkaeign
- 104 Riss 4 1959 48x56 cm
Einkaeign

- 105 Riss 5 1959 47x54 cm
Einkaeign
- 106 Landslag ca. 1965 51x59 cm
Eig. Einar Þorláksson
- 107 Landslag 1975 65x75 cm
Eig. Þóra Jónsdóttir

process of painting, to take the easy way out. This self-discipline is clearly revealed in some of her last paintings, the great apple series. There we see an intelligent artist disciplining herself, reviewing the fundamentals: the sphere, the cone, perspective, mass and balance with characteristic modesty. Yet there is in these small paintings such joy that they are a pleasure to behold. It is perhaps for this joy that we should first and foremost remember Ragnheidur Jónsdóttir Ream.

Aðalsteinn Ingólfsson

Eftirtöldum aðilum sem hafa aðstoðað við sýninguna er þakkað gott samstarf:

The contributions of the following persons in the preparation of this exhibition are gratefully acknowledged:

Einar Þorláksson
Aðalsteinn Ingólfsson
Hjörleifur Sigurðsson
Þóra Kristjánsdóttir
Guðmundur Benediktsson
Rafn Hafnþjörð
Startsfólk Kjarvalsstaða

15